



303. fundur Afrekssjóðs ÍSí Fimmtudagur 9. nóvember 2023 kl. 15.15

Mætt á Teams:

Stjórn: Daníel Jakobsson (DJ) formaður, Guðrún Inga Sívertsen (GS) fjarverandi, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir (SÁ), Þórey Edda Elísdóttir (ÞE), Knútur G. Hauksson (KH).

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð

1. Erindi frá HSÍ um viðbótarúthlutun

HSÍ sendi inn beiðni þann 2. nóvember sl. um viðbótarúthlutun úr Afrekssjóði vegna ársins 2023 vegna þátttöku A- landsliðs kvenna í lokamóti HM í Noregi, Svíþjóð og Danmörku í nóvember 2023. Áætlaður aukakostnaður vegna þátttökunnar er skv. HSÍ 22mkr.

HSÍ fékk ekki sérstakan styrk vegna þátttöku liðsins í lokamótinu heldur eingöngu styrk vegna ferðarinnar(umfang).

Stjórn Afrekssjóðs samþykkti viðbótarúthlutun til HSÍ, 4mkr. vegna þátttökunnar.

Lagt fyrir framkvæmdastjórn til staðfestingar.

2. Erindi KSÍ vegna úthlutunar úr Afrekssjóði.

KSÍ sendi bréf, dags. 19. október sl., til stjórnar Afrekssjóðs og Framkvæmdastjórnar ÍSí. Í bréfinu voru áréttuð sjónarmið KSÍ sem snúa að því að sérsambandið sitji við sama borð og önnur sérsambönd við úthlutun úr Afrekssjóði. Var bréfið rætt og sjónarmið sérsambandsins.

Í 2. mgr. 18. gr. reglugerðar um Afrekssjóð ÍSí segir:

Við úthlutanir skal stjórn Afrekssjóðs ÍSí taka sérstakt tillit til heildartekna og fjárhagsstöðu sérsambanda. Stjórn sjóðsins er þannig heimilt að skerða styrki til sérsambanda að hluta eða öllu leyti.

Stjórn Afrekssjóðs leggur til við framkvæmdastjórn ÍSí að framkvæmdastjórn taki afstöðu til eftirfarandi tillagna stjórnar Afrekssjóðs:

- KSÍ fái ekki skerðingu vegna heildartekna/fjárhagslegrar stöðu við úthlutun 2024.
- KSÍ fái 100% skerðingu vegna tekna/fjárhagslegrar stöðu við úthlutun 2024.
- KSÍ fái hlutaskerðingu vegna tekna/fjárhagslegrar stöðu við úthlutun 2024.

KSR tekur saman fjárhagsleg atriði sem gætu skipt máli við ákvörðunina og kynnir fyrir stjórn Afrekssjóðs og framkvæmdastjórn.

3. Svör til sérsambanda vegna ábendinga þeirra við drög að reglugerð.

Ákveðið var að KSR sendi svör til viðkomandi sérsambanda.

4. Tilkynning um endurskoðaða reglugerð.

Ákveðið var að senda út nýja reglugerð enda búið að samþykkja á fundi framkvæmdastjórnar. Birta einnig á vefsvæði sjóðsins.

5. Umsóknarferli 2024.

Rætt var um að umsóknir verði sendar út í byrjun næstu viku og umsóknarferlið renni út sunnudaginn 3. desember. Vinna við úthlutun í desember og lagt fyrir framkvæmdastjórn í kjölfarið.

6. Rammi og viðmið ársins.

Árlegur rammi og viðmið eru langt komin. KSR klárar og sendir lokaútfærslu á stjórn Afrekssjóðs.

7. Önnur mál.

Greiðslur til ÍSÍ úr Afrekssjóði.

Rætt hvort rétt væri að Afrekssjóður myndi greiða ÍSÍ fyrir aukið framlag fyrir sjóðinn við vinnu við endurskoðun reglugerðar. Skoðað við úthlutun í desember.

Fundi slitið kl. 16.05